

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. febrúar 2009  
Tilvísun: UST20090100129/hj

### **Hallsvegur - Úlfarsfellsvegur og mislæg gatnamót við Vesturlandsveg, umsögn um frummatsskýrslu**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 19. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Fram kemur í bréfi Skipulagsstofnunar að framkvæmdin samanstandi af þrem þáttum, lagningu Hallsvegar milli Víkurvegjar og Vesturlandsvegar með brú yfir Úlfarsá, lagningu Úlfarsfellsvegar að Vesturlandsvegi frá fyrstu gatnamótun inn í nýtt íbúðahverfi í hlíðum Úlfarsfells og að síðustu mislæg gatnamót á Vesturlandsvegi.

Í inngangi frummatsskýrslunnar kemur fram að tilgangur framkvæmdanna sé að tengja saman Grafarvogshverfi og hverfi í Hamrahlíðum og Úlfarsárdal bæði við Vesturlandsveg og milli hverfa. Mislæg gatnamót eru talin nauðsynleg til að greiða fyrir umferð inn og út úr hverfunum sitt hvoru megin við Vesturlandsveg. Hallsvegur að Vesturlandsvegi og Úlfarsfellsvegur verða báðir með 4 akreinum. Umferð um Úlfarsfellsveg sé fyrst og fremst til og frá fyrirhugaðri íbúðabyggingu í Hamrahlíðarlöndum.

Eitt svæði, Úlfarsá er á náttúruminjasrá; *Úlfarsá og Blikastaðakró, Reykjavík, Mosfellsbæ.*  
*(1) Úlfarsá frá upptökum í Hafravatni til ósa ásamt 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna. Fjörur og grunnsævi ásamt 50 m breiðri strandlengju í Blikastaðakró, suður að Eiðsgranda, eftir honum og austurströnd Geldinganes í Réttarnes, þaðan bein lína í árósa Úlfarsár. (2) Fögur og góð laxveiðiá, víða grónir vallendisbakkar, fjölbreyttar og lífauðugar fjörur*

### **Hallsvegur frá Víkurvegi að Vesturlandsvegi.**

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í kafla 10.2 er sagt að fallið hafi verið frá að vinna tölvugerðar myndar af framkvæmdum þar sem mikil uppbygging á og við framkvæmdasvæði muni gjörbreyta ásýnd og landslagi. Stofnun fær ekki séð að þetta gildi um Úlfarsá og svæðið kringum hana. Það vekur einnig athygli að í skýrslunni í kafla 6.3 um brúargerð er birt tölvugerð mynd af brú yfir Úlfarsá og notuð brúin yfir ána á Korpúlfsstaðavegi, en sá vegur er tvær akreinar, þrátt fyrir að í frummatsskýrslunni sé gert ráð fyrir að Hallsvegur verði 4

akreinar. Myndin gefur því engan veginn rétta mynd af þeim brúarmannvirkjum yfir Úlfarsá sem frummatsskýrslan tekur til.

Í kafla 6.4 eru nefnd atriði hvernig hugsað, áformað eða líklega verður tekið á ofanvatni. Engin umfjöllum er um stærð settjarna eða það vatnsmagn sem um ræðir né hvaða önnur leið verði farin ef ofanvatn milli Víkurvegjar og brúar verði ekki leitt í frárennsliskerfi Fossaleynis. Því er ekki fullljóst hvort og hvaða eða hversu mikil áhrif meðhöndlun ofanvatns hefur á nánasta umhverfi Úlfarsár og á ána sjálfa.

Í kafla 9.3 kemur fram að „Fyrirhuguð framkvæmd hefur að stórum hluta það hlutverk að koma til móts við þarfir umferðar sem myndast við uppbyggingu á aðliggjandi svæðum næstu 10 til 15 árum.“

Umhverfisstofnun hefur skilning á að notaðar séu sömu forsendur fyrir uppbyggingu svæðisins og gert er í aðalskipulagi en vill vekja athygli á að miðað við aðstæður í dag er engan veginn fyrir séð þær gangi efir og að þörf sé á slíkum mannvirkjum sem frummatsskýrslan tekur til á þeim tíma sem aðalskipulagið tekur til. Stofnunin telur því að meta ætti hvort þessar áætlanir séu raunhæfar miðað við aðstæður í dag og í framhaldinu hvort umferðaspá lýsi ástandinu eins og búast má við að það verði í lok tímabilsins.

Í köflum um loftgæði og hljóðvist (kaflar 11 og 12) er ekkert fjallað um áhrif þessa þátta á Úlfarsá og svæðið næst ánni eða stofngöngubrautir sem þar eiga að liggja. Í töflu 11.3 má sjá að svifryksmengun við íbúðarhús og leikskóla er minni samkvæmt kosti 2a og ekki annað séð en það sama gildi um kost 3a í samanburði við kost 1b (sjá nánar í kaflanum um loftgæði hér að neðan).

Í skýrslunni kemur fram að nú þegar er búið að brúa Úlfarsá á þremur stöðum og því eykst álag á ána til muna með nýrri 4 akreina brú. Umhverfisstofnun telur ljóst að framkvæmdirnar muni hafa veruleg áhrif á útivistargildi Úlfarsársvæðisins norðan Vesturlandsvegjar vegna hljóðvistar og rykmengunar auk rasks vegna brúargerðar.

### **Úlfarsfellsvegur.**

Umhverfisstofnun telur að lagning 4 akreina vegar í hlíðum Úlfarsfells muni hafa veruleg sjónræn áhrif miðað við stöðu uppbyggingar á svæðinu í dag. Eins og áður hefur verið bent á telur Umhverfisstofnun engan veginn víst að þær forsendur sem notaðar voru við gerð aðalskipulags muni standast næstu 10-15 árin miðað við aðstæður í dag og því sé þörf á þessu mannvirki mun minni og varla raunhæft að gera ráð fyrir 4 akreina vegi í náninni framtíð. Stofnunin vill hins vegar taka fram að ef ætlunin er að leggja stofnveg í hlíðum Úlfarsfells í framtíðinni eins og aðalskipulag Reykjavíkur gerir ráð fyrir þá er rétt skilgreina hvaða áhrif slík framkvæmd getur haft á staðsetningu byggðar með tilliti til hljóðvistar og rykmengunar svo hægt sé að nýta þær upplýsingar við uppbyggingu svæðisins, en að meta heildar umhverfisáhrif framkvæmdarinnar seinna, þegar fyrirséð að þörf sé á þeim framkvæmdum. Umhverfisstofnun telur því rétt að miða framkvæmdir í dag við 2 akreina veg að Vesturlandsvegi.

### **Loftgæði.**

Í samantekt frummatsskýrslu er sagt frá því að styrkur svifryks muni til ársins 2024 fara yfir heilsuverndarmörk á svæðum með íbúðabyggð og leikskólum óháð því hvort lagt verði út í umrædda framkvæmd eða ekki. Engu að síður er ljóst að verði af framkvæmdum mun styrkur svifryks aukast á hluta svæðisins fer þá einfaldlega enn lengra yfir heilsuverndarmörk. Sérstaklega bendir stofnunin á þá aukningu sem verður á svæði tveggja leikskóla við

Fossaleyni og þá sérstaklega við syðri leikskólann. Sama gildir um hluta húsa við Garðhús og Laufengi.


Umhverfisstofnun sér sérstaka ástæðu til að taka fram að loftdreifingaspá sem fylgdi með sem viðauki með frummatsskýrslu er einstaklega faglega unnin og er eitthvað ætti að horfa til þegar verið er að vinna loftdreifingarspár við framkvæmd sem þessa.


### Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að framlenging Hallsvegar frá Víkurvegi yfir á Vesturlandsveg með tilheyrandi brúargerð muni rýra verndargildi Úlfarsár verulega og hafa veruleg áhrif á útvistargildi svæðisins. Þrengt verður enn að svæði sem er á náttúruminjaskrá og áhrif á hljóðvist og svifryksmengun verða veruleg. Stofnunin telur ekki fullljóst hvort og hvaða eða hversu mikil áhrif meðhöndlun ofanvatns hefur á nánasta umhverfi Úlfarsár og á ána sjálfa. Áhrif á hljóðvist við íbúðarhús og svifryksmengun við leikskóla og íbúðarhús eru í öllum tilfellum jafn mikil eða meiri ef valin er kostur 1 b í stað kosts 2a (núllkostur) og ætla má að áhrif vegna kosts 3a séu sambærileg við kost 2a miðað við umferðaspá. Umhverfisstofnun telur að í heildina kunní lagning hallsvegar milli Víkurvegar og Vesturlandsvegar hafa veruleg neikvæð áhrif á svæði á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun telur að lagning 4 akreina vegar í hlíðum Úlfarsfells muni hafa veruleg neikvæð sjónræn áhrif. Stofnun vill enn fremur vekja athygli á að besta falli er mjög óljóst er hvort forsendur fyrir uppbyggingu í Úlfarsárdal næstu 10-15 árin séu þær sömu og gert er ráð fyrir í aðalskipulagi en ítrekar þá skoðun sína að rétt sé að meta áhrifasvæði stofnvegar áður en uppbygging eigi sér stað svo hægt sé að haga uppbyggingunni í samræmi við það.

Virðingarfyllt

  
Helgi Jónsson  
ráðgjafi

  
Ólafur A. Jónsson  
deildarstjóri